

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1996

Nr. 530

1344

27. september 1996

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar um útivistartíma barna og unglunga í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Á tímabilinu 1. september til 1. júní mega börn og unglingar ekki vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

10 ára og yngri	eftir kl. 20.00
11 og 12 ára	eftir kl. 21.00
13 og 14 ára	eftir kl. 22.00
15 ára	eftir kl. 23.00

nema í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Undantekning frá 1. gr. er að á föstudags- og laugardagskvöldum er unglingum heimilt að vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

13 og 14 ára	til kl. 23.00
15 ára	til kl. 24.00

3. gr.

Á tímabilinu 1. júní til 1. september lengist útivistartími barna og unglunga eftir því sem hér segir:

10 ára og yngri	til kl. 22.00
11 og 12 ára	til kl. 23.00
13 og 14 ára	til kl. 24.00
15 ára	til kl. 24.00

4. gr.

Öll aldursmörk samkvæmt þessari samþykkt skulu miðuð við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. september 1996.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.